

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. nóvember 2025 í máli nr. 56/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 6. maí 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kaupverði sófa að fjárhæð 66.950 krónur, án þess að þurfa að skila honum.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 7. maí 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust kærunefndinni þann 23. júní 2025. Athugasemdir sóknaraðila bárust sama dag.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, kvittanir og afrit af skriflegum samskiptum aðila.

Með bréfi, dags. 11. nóvember 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum málsins keypti sóknaraðili svefnsófa hjá varnaraðila þann 10. janúar 2025 og greiddi fyrir hann 66.950 krónur. Samkvæmt kvittun greiddi sóknaraðili fyrir sætiseiningu og bak að fjárhæð 54.000 krónur, auk dýnu og hauspúða. Sófinn sem sóknaraðili keypti er samsettur úr þremur einingum en síðasta einingin, legubekkurinn, var ekki til þegar kaupin fóru fram. Sóknaraðili pantaði legubekkurinn sama dag en greiddi ekki fyrir hann þá. Að sögn sóknaraðila hafi honum verið tjáð að legubekkurinn væri væntanlegur innan fárra vikna. Um miðjan apríl 2025 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og óskaði eftir fullri endurgreiðslu, auk þess sem hann óskaði eftir að fá legubekkurinn án endurgjalds þegar hann bærisk, eða að varnaraðili kæmi og sækti þær einingar sem hann hafði þegar fengið og endurgreiddi honum fyrir þær. Í svari varnaraðila kom fram að legubekkurinn væri kominn í gám og væri væntanlegur til landsins um mánaðarmótin maí/júní. Aðilar áttu í frekari samskiptum og bauð varnaraðili sóknaraðila endurgreiðslu gegn því að einingarnar yrðu sóttar. Í lok apríl óskaði sóknaraðili hins vegar eftir fullri endurgreiðslu án þess að þurfa að skila þeim einingum sem þegar höfðu verið afhentar. Sóknaraðili vísaði til þess að hann hafi verið með ónothæfan sófa á heimili sínu í marga mánuði, sem hefði valdið honum verulegum óþægindum. Þá benti sóknaraðili á að ekki væri unnt að selja vöruna í núverandi ástandi.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi aðeins greitt fyrir afhentar vörur. Síðasta einingin, legubekkurinn, hafi verið uppseld þegar sóknaraðili keypti sófann en honum hafi verið tjáð að hún yrði fánleg eftir um það bil sex vikur. Sá afhendingartími hafi þó ekki staðist, en einingin hafi borist varnaraðila í maí. Varnaraðili tekur fram að biðpöntun sóknaraðila fyrir legubekkknum hafi nú verið afgreidd og að því sé líklegt að sóknaraðili hafi nú í höndum fullbúinn og nothæfan sófa.

#### **IV Niðurstaða**

Sóknaraðili keypti þann 10. janúar 2025 tvær af þremur einingum svefnsófa auk hauspúða og dýnu hjá varnaraðila fyrir samtals 66.950 krónur. Um leið lagði hann inn biðpöntun fyrir þriðju eininguna, legubekk, sem var uppseld. Sóknaraðili kveðst hafa fengið þær upplýsingar að legubekkurinn væri væntanlegur innan fárra vikna. Þann 16. apríl 2025 hafði sóknaraðili samband við varnaraðila og krafðist endurgreiðslu vegna tafa á afhendingu. Honum var tjáð að legubekkurinn væri væntanlegur um mánaðarmótin maí/júní. Varnaraðili bauð sóknaraðila legubekkin án endurgjalds, en sóknaraðili hafnaði því boði. Þá bauð varnaraðili endurgreiðslu á kaupverði gegn því að sækja afhentar einingar.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum kaupverðið að fullu án þess að honum beri að skila afhentum vörum. Hann byggir kröfu sína á þeim óþægindum sem tafirnar hafi valdið honum og þeim mikla tíma sem leið á milli pöntunar og ætlaðrar afhendingar.

Varnaraðili hefur vísað til þess að legubekkur, ein af þremur einingum svefnsófans, hafi ekki verið fánlegur þegar sóknaraðili keypti og greiddi fyrir aðrar einingar sófans auk fylgihluta. Þá hafi biðpöntun sóknaraðila vegna legubekksins nú verið afgreidd og sóknaraðili því með fullbúinn og nothæfan svefnsófa.

Fyrir liggur að sóknaraðili keypti hluta svefnsófa hjá varnaraðila í upphafi árs 2025. Á þeim tíma var ein eining, legubekkurinn, uppseld og var sóknaraðili meðvitaður um það við kaupin. Sóknaraðili lagði fram biðpöntun vegna einingarinnar. Aðila greinir á um hversu langur fyrirhugaður afhendingartími hafi verið en hann mun hafa verið á bilinu tvær til sex vikur. Óumdeilt er að tafir urðu á afhendingu legubekksins umfram það sem sóknaraðili hafði verið upplýstur um. Einingin barst til varnaraðila um mánaðamótin maí/júní 2025 eða um fimm mánuðum eftir að pöntunin var lögð inn.

Kærunefndin bendir á að varnaraðili bauð sóknaraðila að afhenda honum legubekkin án greiðslu, auk þess sem hann bauð endurgreiðslu á þegar afhentum vörum gegn því að þær yrðu sóttar, þ.e. að kaupin gengju til baka vegna dráttar á afhendingu síðustu einingarinnar. Sóknaraðili hafnaði þeim boðum og vildi ekki skila þeim vörum sem þegar höfðu verið afhentar. Þá liggur fyrir að sóknaraðili hefur nú fengið síðustu eininguna afhenda.

Líta verður á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu sem kröfu um riftun. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.), sem gilda um þau kaup sem mál þetta snýst um, getur neytandi rift kaupum vegna afhendingardráttar seljanda, eftir atvikum að liðnum veittum viðbótarfresti. Kærunefndin bendir á að þegar kaupum er rift falla skyldur aðila til að efna þau niður, sbr. 1. mgr. 49. gr. nkpl. Þegar kaup hafa verið efnd, að fullu eða að hluta, skal hvor aðili skila því sem hann hefur móttakið, sbr. 2. mgr. 49. gr. nkpl. Er það í samræmi við meginreglur kröfuréttar

að við riftun beri aðilum að skila þeim greiðslum sem aðilar hafa þegar fengið afhentar á grundvelli samnings sem hefur verið rift. Með vísan til framangreinds er ekki unnt að fallast á kröfu sóknaraðila um fulla endurgreiðslu án þess að afhentum vörum sé skilað.

Samkvæmt 24. gr. nkpl. á neytandi jafnframt rétt á skaðabótum fyrir það tjón sem hann verður sannanlega fyrir vegna dráttar á afhendingu seljanda. Sóknaraðili hefur vísað til þess að dráttur á afhendingu síðustu einingar hafi valdið honum verulegum óþægindum og skertum svefngæðum. Sóknaraðili hefur þó ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á tjón sem rekja megi til afhendingardráttar eða skaðabótaskyldrar háttsemi varnaraðila.

Með vísan til alls framangreinds er kröfu sóknaraðila í málinu hafnað.

**V**  
**Úrskurðarorð**

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson